

**Greinargerð vinnuhóps fagraðs um efni ráðstefnunnar**  
*Future teachers - a Profession at Crossroads*

*Mars 2015*

Aðalheiður Steingrímisdóttir,  
Björg Pétursdóttir,  
Guðmundur Engilbertsson,  
Klara E. Finnbogadóttir og  
Sólrún Harðardóttir.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Fyrirlestrar .....	4
2.1 Andy Hargreaves.....	4
2.2 Pasi Sahlberg .....	5
2.3 Sigrún Aðalbjarnardóttir.....	6
3. Megináherslur ráðstefnunnar.....	7
3.1 Áskoranir og breytingar.....	7
3.2 Framtíðarsýn, menntastefna og forysta .....	7
3.3 Kennarastarf, menntun og starfsþróun .....	8
4. Tillögur til fagráðs.....	10
4.1 Menntastefna - framtíðarsýn.....	10
4.2 Ímyndaruppbygging .....	10
4.3 Símenntun og starfsþróun.....	11
4.4 Kennaramenntun sem ævimenntun .....	12
4.5 Rannsóknir og skólaþróun.....	12
4.6 Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara.....	12

# 1. Inngangur

Vinnuhópur á vegum fagráðs var skipaður til að vinna úr efni ráðstefnunnar *Future Teachers – a Profession at Crossroads*. Vinnuhópurinn skipuðu Aðalheiður Steingrímsdóttir, Björg Pétursdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Klara E. Finnbogadóttir og starfsmaður þess Sólrún Harðardóttir.

Verkefni hópsins var að:

- Gera lista yfir þau atriði sem fram komu á ráðstefnunni sem snerta starf fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara.
- Íhuga hugmyndir um hvernig fagráð geti unnið með efnið.
- Móta tillögur fyrir fagráðið að taka afstöðu til.

Efniviðurinn sem stuðst var við voru fyrirlestrar, niðurstöður málstofa, umræður í pallborði, frásagnir af vinnustofum og samantekt Jóns Torfa Jónssonar fulltrúa í fagráði um ráðstefnuna sem var lögð fram á fagráðsfundi, 30. september 2014. Upptökur frá ráðstefnunni er að finna á vef fagráðs: <http://starfsthrounkennara.is/future-teachers-a-profession-at-crossroads/>. Þar er einnig dagskrá ráðstefnunnar, upplýsingar um fyrirlesara, fréttáflutningur af ráðstefnunni og fleira.

## Hugtök

Hugtökin starfsþróun og lærdómssamfélag koma mikið við sögu í greinargerðinni. Vísað er til skilgreininga á þeim á vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, <http://starfsthrounkennara.is>.

## Vinnan

Ákveðið var að þræða hvern anga (sjá efnivið hér að framan) og taka saman atriði sem þóttu mikilvæg í samhengi við starf fagráðs og hlutverk þess. Atriðin voru flokkuð í þrjú þemu eða megináherslur. Einnig voru tekin saman meginatriði hvers fyrirlesturs. Að lokum voru settar fram tillögur til fagráðs sem því er ætlað að taka afstöðu til.

## 2. Fyrirlestrar

Ráðstefnan snerist að miklu leyti um þrjá fyrirlestra. Í tengslum við þá voru formlegar umræður í málstofum og í pallborði. Fyrirlesararnir voru dr. Andy Hargreaves sem starfar við Boston College (<http://www.andyhargreaves.com>), dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (<http://uni.hi.is/sa>) og dr. Pasi Sahlberg gestaprófessor við Harvardháskóla (<http://pasisahlberg.com/>). Í þessum kafla verður farið yfir helstu atriði sem komu fram í máli fyrirlesara og tengjast starfsþróun kennara.

### 2.1 Andy Hargreaves

**Áskoranir.** Hargreaves bendir á að skólakerfið hafi breyst mikið á undanförunum árum og standi frammi fyrir mörgum áskorunum. Hann nefnir meðal annars samfélagsbreytingar, fjölmenningu, þarfir samfélags 21. aldar fyrir fjölbreytta hæfni, líðan og námsárangur nemenda. Skólinn þurfi að ná til nemenda og fá þá til að vera ábyrga og virka. Hargreaves segir að þetta feli í sér að að beina þurfi sjónum að kennslu og samvinnu nemenda.

Hargreaves segir viðbrögð við þeim áskorunum sem skólakerfið standi frammi fyrir þurfi að hvíla á þremur lykilþáttum: **hvetjandi faglegri forystu stjórnvalda, árangursríkum breytingum og fagauði kennarastéttarinnar.**

Að mati Hargreaves þurfa stjórnvöld að veita **hvetjandi faglega forystu**, tala fyrir auknum lífsgæðum og tækifærum allra nemenda og ýta undir áhuga og tiltrú kennara. Forysta stjórnvalda byggji á hugsjón, samstarfi, viðráðanlegri framvindu og sameiginlegum markmiðum.

Hargreaves segir að **árangursríkar breytingar** geri kröfu um framtíðarsýn, markmið og stefnu um hvernig eigi að vinna að markmiðum, leiða breytingar og meta árangur. Stjórnvöld þurfi að hafa skýra sýn á hvers konar breytingum stefnt er að í menntakerfi og samfélagi.

Að mati Hargreaves gegnir **kennarastéttin** lykilhlutverki í því að menntakerfið og samfélagið nái þeim markmiðum sem stefnt er að.

Hargreaves segir að styrkja þurfi **fagauð** (e. professional capital) kennara með því að viðhalda og efla áhuga þeirra og færni. Sterkari fagauður kennara skili sér í auknum gæðum skólastarfs og námsárangri nemenda sem sé til hagsbóta fyrir allt samfélagið. Hargreaves segir fagauð kennara byggjast á:

- **mannauði** (e. human capital) sem felur í sér samsafn kennara í hverjum skóla. Kennararnir hafa mismunandi hæfni og reynslu.
- **félagsauði** (e. social capital) sem er forsenda umbóta í skólastarfi. Hargreaves segir sterka liðsheild vera meira virði en samsafn einstaklinga. Félagsauðurinn þurfi að vera í brennidepli.
- **dómgreindarauði** (e. decisional capital) sem felur í sér hæfni kennara til að taka faglegar ákvarðanir um nám nemenda. Að efla og styrkja dómgreindarauðinn sé mikilvægt markmið símenntunar og starfsþróunar kennara.

Hargreaves leggur áherslu á eftirfarandi **aðferðir við að efla mannauðinn** í skólunum:

- Góð og samkeppnishæf kennaralaun séu fyrir hendi.
- Skilaboð stjórnvalda séu skýr um mikilvægi kennarastarfsins og að samfélagið reiði sig á kennara. Kennarar þurfi að vera hluti framtíðarsýnar í menntamálum.
- Kennarar geri ýmislegt sjálfir til að auka veg sinnar stéttar, séu góðar fyrirmyndir í kennslu og tali jákvætt um kennarastarfið.
- Kennurum séu veittar hvetjandi og skapandi starfsaðstæður og fái góðan undirbúning fyrir kennarastarfið, menntun, starfsþjálfun, símenntun og starfsþróun.

Hargreaves telur að **efla þurfi félagsauðinn** með því að starfsfólk í hverjum skóla vinni saman að því að byggja upp lærdómssamfélag sem feli í sér samstarf um að deila og miðla hugmyndum og reynslu, nota gögn og upplýsingar til að þróa kennsluhætti og skólastarfið. Hann segir að byggja þurfi lærdómssamfélagið á framtíðarsýn í menntamálum, stefnu og markmiðum. Stjórnvöld þurfi að fylgja markmiðum vel eftir, veita stuðning, fjármunum og tíma til að innleiða lærdómssamfélagið og samþætta daglegu starfi í skólunum.

Hargreaves telur að **efla þurfi dómgreindarauðinn** með því að skapa kennurum góð skilyrði til að þróa starf sitt og fagmennsku. Hæfni til að greina aðstæður og bregðast við á faglegan hátt byggist á menntun, þjálfun og reynslu. Það taki um fjögur til átta ár fyrir kennara að öðlast slíka hæfni og með átta til 22ja ára reynslu eru kennarar á hátindi í starfinu hvað þetta varðar.

Hargreaves segir að **formgera þurfi símenntun og starfsþróun kennara** sem skipulagða stefnu sem nær til allrar stéttarinnar og feli í sér sameiginlega sýn, markmið og leiðir. Skapa þurfi væntingar og efla áhuga kennara á starfsþróun, veita faglegan stuðning, tíma og fjármuni til að styðja við hana. Hann segir markvissa símenntun og starfsþróun kennara alla starfsævina vera lið í því að skapa aðlaðandi starfskilyrði sem eigi þátt í að auka nýliðun í stéttinni.

## 2.2 Pasi Sahlberg

- **Alþjóðavæðing.** Sahlberg telur alþjóðavæðingu (e. Global Educational Reform Movement eða GERM) sem einkennist af hugmyndum um samkeppni, stöðlun og samræmingu, mælingum og notkun fyrirfram ákveðinna aðferða vera skyndilausnir í menntun og menntakerfum og dæmi um *villigötur*. Sahlberg hvetur til þess að fylgja ekki þessum hugmyndastraumi.
- **Norræn hefð.** Sahlberg hvetur til þess að byggja í staðinn á norrænni hefð sem leggur áherslu á samvinnu, frekar en samkeppni, sköpun í stað stöðlunar og mælinga, tiltrú á fagmennsku kennara, sameiginlega ábyrgð og traust milli þeirra sem koma að menntakerfinu.
- **Sérstaða á Norðurlöndum.** Sahlberg telur að Norðurlandþjóðirnar geti vel nýtt sér það besta á Norðurlöndum, hver og ein og sameiginlega, til að styrkja menntakerfið. Hann nefnir norræna sérstöðu eins og áherslu á samvinnu og þá sanngirni sem einkennir skólastarfið – að hver og einn geti notið sín án tillits til bakgrunns.

- **Samstarf.** Sahlberg telur að menntayfirvöld ættu frekar að leggja áherslu á að byggja upp *samstarfsnet* menntayfirvalda, fræðimanna, stjórnenda og kennara til að móta skólastarf en að elta alþjóðlega straua og taka einhliða ákvarðanir um hvernig best sé að haga skólastarfi. Í skólum ætti að leggja áherslu á samvinnu og teymisvinnu kennara.
- **Gæði og réttlæti.** Sahlberg telur að flétta þurfi sem best saman „gæðum“ og „jafnræði/réttlæti“ en til þess að ná því verðum við að vita hvert við viljum fara. Ef við gerum það er auðveldara að gera réttu hlutina og gera þá rétt.

## 2.3 Sigrún Aðalbjarnardóttir

- **Sjálfsvirðing og starfsánægja kennara.** Sigrún lýsti áhyggjum sínum af slakri sjálfsvirðingu kennara. Kennarar þurfa að hafa sterka faglega sjálfsmynd. Stuðla þarf að sjálfsvirðingu kennara og auka starfsánægju þeirra.
- **Valdefling kennarastéttarinnar.** Sigrún hvatti til valdeflingar kennarastéttarinnar og að fundnar væru leiðir til að stuðla að virðingu fyrir kennurum og kennarastarfinu. Snúa þurfi við neikvæðri umræðu í þjóðfélaginu í garð kennara og kennarastarfsins. Að hennar mati vantar faglega þekkingu og umræðu um kennarastarfið og eiga kennarar að hafa frumkvæði að jákvæðri og faglegri umræðu um starfið. Skilaboðin eru: *Verum stolt af því að vera kennarar.*
- **Samvinna um þróun skólastarfs og raddir kennara.** Sigrún hvatti til aukinnar samvinnu kennara, skólastjórnenda, háskólasamfélagsins (rannsóknaraðila) og stefnumótunaraðila (ríki og sveitarfélög) um þróun skólastarfsins. Hún lagði áherslu á að hlustað sé á raddir kennara í allri stefnumótunarvinnu. Að hennar mati gerist ekkert í breytingum í námi og kennslu eða þróun menntakerfis nema hlustað sé á kennara enda gegni kennarar lykilhlutverki í að styðja við og framkvæma breytingarnar. Þegar samin er ný námskrá og gerðar breytingar á menntastefnu þurfa ráðamenn að hlusta á hugmyndir og væntingar kennara. Það verða engar breytingar nema þær skipti kennarana máli.
- **Ígrundun.** Sigrún segir að ígrundun sé lykillinn að frekari starfþróun kennara og að gefa þurfi kennurum tíma og rými til að ígrunda störf sín. Að hennar mati eru kennarar líklegri til að fá skýrari mynd af uppeldisfræðilegri sýn sinni og verða hæfari í að starfa með nemendum fái þeir tækifæri til að ígrunda starf sitt, greina það og meta. Að taka þátt í starfendarannsóknnum og vettvangsathugunum er liður í því.
- **Lýðræðislegir kennsluhættir.** Sigrún hvetur til lýðræðislegra kennsluhátta og að starfsþróun geri kennara öflugri í að beita þeim í kennslu sinni. Að hennar mati þarf að auka umræður og virkni nemenda í tímum.
- **Skólamenning.** Að mati Sigrúnar þarf að skapa skólamenningu sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti, umhyggju og hvatningu þar sem nemendur og kennarar geta deilt hugmyndum sínum, áhyggjum, væntingum, sýn og markmiðum.
- **Sýn og gildi.** Að mati Sigrúnar þurfa kennarar að vita fyrir hvað þeir ætla að standa (sýn og gildi), hverju þeir vilja ná fram, hvernig þeir ætla að vinna með nemendum og hvernig þeir ætla að vinna með öðrum.

### 3. Megináherslur ráðstefnunnar

Í þessum kafla eru dregnar fram megináherslur ráðstefnunnar. Unnið var með atriði er fram komu í fyrirlestrum, í pallborði, á málstofum og vinnustofum og þeim skipað í þrjá flokka: 1) áskoranir og breytingar, 2) framtíðarsýn, menntastefnu og forystu og 3) kennarastarf, menntun og starfsþróun.

#### 3.1 Áskoranir og breytingar

Vegna breytinga á samfélagi, menningu og viðhorfum auk tækniþróunar standa skólar og kennarar frammi fyrir mörgum áskorunum. Gerðar eru auknar kröfur til skóla og er þeim ætlað að sinna mörgum og fjölbreyttum hlutverkum sem sum hver voru áður á ábyrgð heimila, nærsamfélags og ýmissa stofnana. Skólinn á að vera fyrir alla, efla þroska og færni nemenda og veita gæðamenntun í samræmi við þarfir nútímasamfélags.

Of margir nemendur bera ekki virðingu fyrir skólanum og hafa litla skuldbindingu í námi. Skólastarfið höfðar misjafnlega til einstaklinga og hópa og agavandamál koma fram í nýjum myndum. Til að vinna gegn þessu þarf að ná betur til nemenda og virkja þá í skólastarfinu. Skapa þarf skólamenningu sem einkennist af lýðræðislegum kennsluháttum. Beina þarf sjónum að samvinnu nemenda og gera þá ábyrga og virka í námi sínu.

Breitt bil er á milli þess sem skólum er ætlað að gera og bjarga þeirra til að rísa undir hlutverkum sínum. Mikil gjá er á milli stefnu í skóla- og menntamálum og innleiðingar.

Kennarastarfið hefur gjörbreyst og verkefni og umfang aukist. Lítil nýliðun í kennarastéttinni er vaxandi vandamál.

Skólar og kennarar eru ekki teknir alvarlega og stefnu er komið á að ofan án samræðu og samstarfs. Neikvæð umræða er um kennarastarfið og kennara og þeir eru ekki metnir sem sérfræðingar og fagstétt.

Menntakerfi landa er undir sífelld meiri áhrifum frá alþjóðavæðingu og yfirþjóðlegum stofnunum. Áhrifin koma fram í samkeppni og markaðslausnum, stöðlun og mælingum með áherslu á afköst og skilvirkni.

#### 3.2 Framtíðarsýn, menntastefna og forysta

Stjórnvöld þurfa að hafa forystu um að móta menntastefnu sem sett er á grunni framtíðarsýnar þar sem fram koma þau gildi sem þurfa að vera í öndvegi í menntamálum, markmið og leiðir. Framtíðarsýn er kjölfesta allra áætlana og þær leiðir sem eru farnar mótast af henni. Í framtíðarsýn og menntastefnu þarf að flétta sem best saman áherslum á gæði, jafnræði, fagmennsku og samstarf.

Menntastefnan á að vera leiðarvísir fyrir skólastarf í landinu. Gerð menntastefnu snýst um að skilgreina leiðir svo að menntamálayfirvöld, sveitarstjórnir, kennarastéttin, háskólar sem

mennta kennara og foreldrar, geti rækt hlutverk sitt, unnið í samræmi við gildi og þá framtíðarsýn sem stefnt er að.

Stefnumarkandi umræða og ákvarðanir um menntamál mega ekki vera einhliða. Betra er að byggja á samvirkni og samræðu sem flestra og skapa traust á milli aðila sem koma að menntakerfinu. Menntastefnan á að vera hvetjandi og sameina alla í eina liðsheild. Þátttaka og skuldbinding stjórnvalda er mikilvæg til að innleiðing menntastefnunnar verði árangursrík en ekki síður skuldbinding og þátttaka samstarfsaðila um að leiða stefnuna og tala fyrir henni. Stjórnvöld ættu því að leggja áherslu á að byggja upp samstarf við sveitarstjórnir, kennarastéttina, kennaramenntunarstofnanir og foreldra um skólastarf í stað þess að láta alþjóðlega straua í menntamálum stjórna hvernig haga eigi skólastarfi.

Svo sátt verði um stefnuna er nauðsynlegt að þeir sem í hlut eiga taki þátt í stefnumótun og ákvörðunum. Í þessari vinnu eiga sér stað umræður og skoðanaskipti og ýmis sjónarmið koma fram sem auka skilning og víðsýni þeirra sem taka þátt. Með samræðum eflist skilningur á gildi verkefnisins sem er forsenda árangurs og eykur líkur á að stefnan festist í sessi. Það krefst meðvitaðs og samstillts samstarfs allra sem í hlut eiga að bæta gæði skóla og námsárangur, þroska og vellíðan nemenda.

Kennarastéttin þarf að vera hluti framtíðarsýnar í menntamálum. Stjórnvöld þurfa að tala skýrt um lykilhlutverk kennara í framgangi þeirra menntamarkmiða sem stefnt er að. Miklu máli skiptir að viðhorf til kennarastarfs séu jákvæð til að auka aðsókn að kennaranámi og tryggja eðlilega endurnýjun í kennarastétt. Tala þarf fyrir mikilvægi kennarastarfsins, menntunar og skólastarfs og jafnframt að sýna það í verki. Efla þarf fagauð kennara með því að fjárfesta í stéttinni en það er forsenda fyrir auknum gæðum skólastarfs og námsárangri nemenda og til hagsbóta fyrir allt samfélagið. Hvetjandi og styðjandi forysta stjórnvalda ýtir undir áhuga og sjálfstraust kennara.

### **3.3 Kennarastarf, menntun og starfsþróun**

Kennarastarfið er margbreytilegt og felur í sér mörg og ólík hlutverk. Það er einnig síbreytilegt og kallar á stöðuga starfsþróun og símenntun. Því þarf að mæta með skipulögðum hætti, traustum undirbúningi fyrir kennarastarfið, góðri menntun og starfsþjálfun á vettvangi, starfsaðlögun nýliða, leiðsögn í starfi, símenntun og starfsþróun innan og utan skóla og rannsóknnum á vettvangi. Kennaramenntun er ævimenntun og þarf að ná utan um allan starfsferil kennara. Kennaramenntun er samstarfsverkefni háskóla sem mennta kennara, kennarastéttarinnar, skóla og stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga).

Í kennarastarfinu eru gerðar auknar kröfur um samvinnu, teymisvinnu og þróunarstarf til lengri tíma. Kennarar færast því sífellt nær því að vera samvirkir fagmenn sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu og móta skólastarfið saman. Skólastarf þróast í ríkari mæli að lærdómssamfélagi sem gerir kröfur um sterka liðsheild og virka þátttöku allra í umbóta- og þróunarstarfi. Það tekur kennara mörg ár að ná góðum tókum á kennslu og því er mikilvægt að skapa þeim góð skilyrði til að þróa starf sitt og eflast.



Starfsþróun er lykill að þróun skólustarfs og kennsluhátta. Meginmarkmið starfsþróunar kennara er að búa eins vel að námi nemenda og unnt er og ætti að vera í beinum tengslum við starf kennara með nemendum. Mikilvægt er að starfsþróun efli kennara í því að beita lýðræðislegum kennsluháttum og auka virkni nemenda í námi. Ígrundun í starfi er grundvallarþáttur í starfsþróun kennara, kennarar þurfa tíma og rými til að ígrunda störf sín. Kennarar eru líklegri til að fá skýrari mynd af uppeldisfræðilegri sýn sinni og öðlast meiri færni í starfi með nemendum fái þeir tækifæri til að ígrunda starf sitt, greina það og meta. Dýpt ígrundunar hefur áhrif á þátttöku kennara í skólaumræðu og á árangur faglegrar þróunar.

Lærdómssamfélag í skólum þarf að byggja á grunni framtíðarsýnar í menntamálum, stefnu og markmiðum. Stjórnvöld þurfa að fylgja markmiðum vel eftir, veita markvissan stuðning, fjármunum og tíma til að innleiða lærdómssamfélagið og samþætta daglegu starfi í skólunum. Formgera þarf símenntun og starfsþróun kennara sem skipulagða stefnu sem nær til allrar stéttarinnar og sem felur í sér sameiginlega sýn, markmið og leiðir, og val á vinnuáferðum fyrir skóla og kennara og aðila í menntakerfinu. Skapa þarf væntingar og efla áhuga kennara á símenntun og starfsþróun með því að veita markvissan stuðning við hana. Ávinningur af starfsþróun kennara þarf að skila sér í framgangi þeirra í starfi. Símenntun og starfsþróun kennara alla starfsævina og hvetjandi starfsumhverfi á þátt í að gera kennslu að eftirsóknarverðu starfi.

## 4. Tillögur til fagráðs

Á grunni úrvinnslu vinnuhópsins á megináherslum ráðstefnunnar eru hér settar fram tillögur til fagráðs að taka afstöðu til ásamt umhugsunarefnum er nýst geta í stefnumótunarvinnu sbr. verkefni fagráðs í skipunarbréfi, dags. 27. febrúar 2013.

### 4.1 Menntastefna - framtíðarsýn

Til að bregðast við þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir, skólar og kennarar, leggur vinnuhópurinn til að menntamál verði gerð að sameiginlegu forgangsverkefni á Íslandi næstu árin með það að markmiði að efla gæði náms og kennslu, jafnrétti og námsárangur. Líta þarf til framtíðar og móta aðgerðaáætlun um mótun menntastefnu og innleiðingu hennar. Eftirfarandi verði m.a. haft að leiðarljósi:

- a. Stjórnvöld hafi forystu um að móta menntastefnu sem sett er á grunni framtíðarsýnar og í samstarfi við þá aðila er koma að menntakerfinu. Ráðstöfun fjármagns, stefnumörkun og aðferðir taki mið af þeirri forgangs röðun sem fram kemur í menntastefnunni.
- b. Skuldbinding menntamálayfirvalda, sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og kennaramenntunarstofnana og foreldra um að sameinast um framtíðarsýn í menntamálum og stefnumótun er forsenda þess að festa hana í sessi. Mikilvægt er að hlustað verði á hugmyndir og væntingar kennara í allri stefnumótunarvinnu og innleiðingu.
- c. Framtíðarsýn og menntastefna feli í sér áherslu á skóla sem lærdómssamfélag, rannsóknir á vettvangi og ígrundun í starfi. Stjórnvöld þurfa að fylgja markmiðum vel eftir, veita markvissan stuðning, fjármunum og tíma til að innleiða lærdómssamfélagið og samþætta daglegu starfi í skólunum. Skólar þurfa að hafa sjálfstæði til að velja sér leiðir og aðferðir við að byggja upp lærdómssamfélag.
- d. Horft verði til norrænna hefða við uppbyggingu skólakerfis frekar en alþjóðlegra strauma. Áhersla verði lögð á samvinnu fremur en samkeppni, sköpun fremur en stöðlun, fagmennsku fremur en boðaðar breytingar, ábyrgð og traust fremur en fyrirfram gefnar aðferðir og að hver og einn fái notið hæfileika sinna óháð bakgrunni.

### 4.2 Ímyndaruppbygging

Snúa þarf við neikvæðri umræðu í samfélaginu um kennarastarfið og gera það eftirsóknarvert til að auka nýliðun í kennarastéttinni. Vinnuhópurinn leggur til að efnt verði til ímyndarherferðar til að stuðla að breyttum viðhorfum í samfélaginu til skóla og kennarastarfsins. Eftirfarandi verði m.a. haft að leiðarljósi:

- a. Auka þarf þekkingu og vitund samfélagsins um það faglega og mikilvæga starf sem unnið er í skólum landsins. Gera þarf betur grein fyrir því sem gerist innan veggja skólanna meðal almennings.

- b. Stjórnvöld þurfa að hafa forystu um að tala skýrt um mikilvægi skóla og kennarastarfsins fyrir samfélagið enda gegna þau mikilvægu hlutverki í að breyta viðhorfum.
- c. Efla þarf fagauð kennara, liðsheild, starfsánægju og góðar starfsaðstæður og auka nýliðun í kennslu.
- d. Kennarar þurfa að taka virkan þátt í ímyndaruppbyggingu með jákvæðri og faglegri umræðu um kennarastarfið og skólastarf.
- e. Ríki, sveitarfélög, kennarastéttin, kennaramenntunarstofnanir og fleiri aðilar eftir því sem við á, þurfa að sameinast um þetta verkefni.

### 4.3 Símenntun og starfsþróun

Miklar breytingar hafa orðið á skólastarfi og -umhverfi sem m.a. má rekja til örrar tækniþróunar, samfélags- og viðhorfsbreytinga. Áskoranirnar snúa annars vegar að skólanum sjálfum sem lærdómssamfélagi og hinsvegar að kennarastarfinu. Hlutverk skóla og kennara eru fjölbreytt og eru í sífelltri þróun vegna samfélagsbreytinga. Vinnuhópurinn telur mikilvægt að stefnumótun fagráðsins um símenntun og starfsþróun fjalli um þessar áskoranir og nái til allrar kennarastéttarinnar og feli m.a. í sér sameiginlega sýn, markmið og leiðir og að skólar, kennarar og aðilar í menntakerfinu hafi val um aðferðir. Eftirfarandi verði m.a. haft að leiðarljósi:

- a. Gera þarf kennurum kleift að takast á við flóknar starfsaðstæður sem gerir kröfu um stöðuga símenntun og starfsþróun allan starfsferilinn. Litið verði á kennaramenntun sem ævimenntun.
- b. Skapa þarf skólamenningu sem einkennist af lýðræðislegum kennsluháttum og þarf starfsþróun að miða að því að efla kennara í að beita þeim í kennslu sinni.
- c. Skapa þarf væntingar og efla áhuga kennara á starfsþróun með markvissum stuðningi, fjármunum og tíma til samstarfs, ígrundunar í starfi og rannsókna á vettvangi með skólaþróun að leiðarljósi.
- d. Framboð þarf að vera á fjölbreyttri símenntun og starfsþróun fyrir kennara á starfsvettvangi og utan. Viðurkenna þarf fjölbreyttar leiðir, hefðbundnar sem óhefðbundnar og hafa til hliðsjónar í stefnumörkun skilgreiningu fagráðs á hugtakinu starfsþróun. Mikilvægt er að vera opin fyrir þeim möguleikum sem upplýsingatæknin færir.
- e. Hvatning þarf að vera til þátttöku í starfsþróun og ávinningur í formi umbunar, svo sem framgangs í starfi.
- f. Huga þarf að þörfum allra kennara fyrir símenntun og starfsþróun og þörfum einstakra hópa t.d. nýliða og kennara með mismunandi starfsreynslu, þörfum kennara út frá námsgreinum/námssviðum og skólagerðum.
- g. Nýliðaþjálfun, leiðsögn í starfi, fagleg ráðgjöf og handleiðsla er hluti af starfsþróun og þarf að vera í boði í skólum fyrir alla kennara.

#### **4.4 Kennaramenntun sem ævimenntun**

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem leggi mat á reynsluna af markmiðssetningu kennaramenntunarlaga 2008 um dýpt í námi, sérhæfingu og vettvangsnám. Vinnuhópurinn ræði skipulag og inntak kennaramenntunar út frá heildstæðri sýn á kennaramenntun sem ævimenntun og geri tillögur um breytingar á á núverandi skipulagi. Eftirfarandi verði m.a. haft til hliðsjónar:

- Grunnmenntun og vægi starfsþjálfunar á vettvangi.
- Nýliðaþjálfun.
- Leiðsögn og handleiðsla í starfi.
- Símenntun og starfsþróun í starfi.
- Ígrundun í starfi, rannsóknir á vettvangi alla starfsævina.

#### **4.5 Rannsóknir og skólaþróun**

Rannsóknir eru lykilþáttur í skólastarfi. Kennarar þurfa að öðlast hæfni til að nýta sér niðurstöður rannsókna í starfi og stunda rannsóknir á vettvangi með skólaþróun að leiðarljósi. Háskólar sem mennta kennara þurfa að tengja starf sitt í meira mæli við vettvang. Vinnuhópurinn telur mikilvægt að stefnumótun fagráðs nái til þessara atriða. Eftirfarandi verði m.a. haft til hliðsjónar:

- a. Að kennarar geti stundað rannsóknir samhliða starfi í samvinnu við samstarfsfólk, skóla og háskóla.
- b. Að niðurstöður rannsókna á skólastarfi, námi og kennslu verði aðgengilegar fyrir kennara, t.d. í miðlægum gagnabanka og að stutt verði við kennara til að nýta sér þær í þágu skólaþróunar.
- c. Að rannsóknir á skólastarfi verði hluti af námi kennaranema og að vægi vettvangsnáms í kennaramenntun verði aukið.
- d. Að háskólar sem mennta kennara fái hvatningu og svigrúm til að vinna með skólum og kennurum að starfsþróun, rannsóknum og þróunarstarfi. Starf af þessum toga verði viðurkenndur þáttur í starfi háskólakennara á sama hátt og aðrar rannsóknir.

#### **4.6 Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara**

Vinnuhópurinn leggur til að fagráðið verði til framtíðar fastur samstarfsvettvangur menntayfirvalda, sveitarfélaga, háskóla sem mennta kennara og kennarastéttarinnar um starfsþróun stéttarinnar og skólaþróun.